

Brunavarnir Árnassýslu bs.

Ársreikningur 2025

Brunavarnir Árnassýslu bs.
Árvegi 1
800 Selfoss

Kt. 470775-0419

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og slökkviliðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar og slökkviliðsstjóra

Brunavarnir Árnassýslu bs. er byggðasamlag sem hefur það hlutverk að standa að rekstri brunavarna og tengdra málefna í Árnassýslu í umboði aðildarsveitarfélaga. Aðildarsveitarfélögin eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus.

Á árinu voru greiddar 328,8 millj. kr. í laun og að auki 80,3 millj. kr. í launatengd gjöld. Hjá byggðasamlaginu eru 16 fastir starfsmenn og auk þess um 112 hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins var jákvæð á árinu 2025 að fjárhæð 57,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok 2025 var 220,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórnendur Brunavarna Árnassýslu bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2025 með undirskrift sinni.

Selfossi, 20. mars 2026.

Stjórn:

Helgi Kjartansson
Árni Eiríksson
Bragi Bjarnason
Fjóra Steindóra Kristinsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Slökkviliðsstjóri:

Pétur Pétursson

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 20. mars 2026 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Brunavarna Árnassýslu bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunavarna Árnassýslu bs. („byggðasamlagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og slökkviliðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og slökkviliðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og slökkviliðsstjóra að leggja mat á rekstarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og slökkviliðsstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og slökkviliðsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Selfossi, 20. mars 2026.

KPMG ehf.

Friðrik Einarsson

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	Fjárhags- áætlun	2024
Rekstrartekjur				
Framlög aðildarsveitarfélaga	8	625.420.996	625.420.996	522.230.664
Aðrar tekjur	9	58.926.407	42.129.000	87.143.538
		<u>684.347.403</u>	<u>667.549.996</u>	<u>609.374.202</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	10	409.271.360	431.717.000	355.681.737
Lífeyrisskuldbinding, breyting	5	6.323.761	5.666.000	608.656
Annar rekstrarkostnaður	11	126.589.339	124.738.000	126.541.671
Afskriftir	2	53.341.467	64.166.000	52.831.863
		<u>595.525.927</u>	<u>626.287.000</u>	<u>535.663.927</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		88.821.475	41.262.996	73.710.275
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		8.052.895	442.000	5.934.316
Fjármagnstekjuskattur		(1.758.478)	0	(1.302.626)
Vaxtagjöld og verðbætur		(37.357.659)	(41.795.000)	(33.357.417)
		<u>(31.063.242)</u>	<u>(41.353.000)</u>	<u>(28.725.727)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4	<u>57.758.233</u>	<u>(90.004)</u>	<u>44.984.548</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	2	769.035.644	685.496.442
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	9.182.017	9.664.591
Fastafjármunir samtals		<u>778.217.661</u>	<u>695.161.033</u>
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	482.574	482.574
Skammtímakröfur	3	58.139.920	14.968.042
Handbært fé		67.942.693	107.553.182
Veltufjármunir samtals		<u>126.565.187</u>	<u>123.003.798</u>
Eignir samtals		<u>904.782.848</u>	<u>818.164.831</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		220.280.729	162.522.496
Eigið fé samtals	4	<u>220.280.729</u>	<u>162.522.496</u>
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	5	53.185.027	52.479.191
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	6	481.021.309	509.425.238
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>534.206.336</u>	<u>561.904.429</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		41.738.399	0
Viðskiptaskuldir		16.974.076	11.644.248
Næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	5	4.839.538	3.629.421
Næsta árs afborgun langtímalána	6	47.821.554	45.232.893
Aðrar skammtímaskuldir		38.922.215	33.231.344
Skammtímaskuldir samtals		<u>150.295.782</u>	<u>93.737.906</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>684.502.118</u>	<u>655.642.335</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>904.782.848</u>	<u>818.164.831</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna frá því þeir eru tilbúnir til notkunar og þar til niðurlagsverði er náð.
- c. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.
- d. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnassýslu fyrir árið 2025 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Áhöld og tæki	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2024	342.121.283	387.348.245	134.404.921	11.084.987	874.959.436
Viðbót á árinu	115.215.943	97.441.376	6.313.906	0	218.971.225
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(30.839.669)	(9.724.987)	(40.564.656)
Heildarverð 31.12.2024	457.337.226	484.789.621	109.879.158	1.360.000	1.053.366.005
Viðbót á árinu	105.187.944	14.193.451	18.304.274	0	137.685.669
Selt og niðurlagt á árinu	0	(7.461.625)	(22.709.779)	0	(30.171.404)
Heildarverð 31.12.2025	562.525.170	491.521.447	105.473.653	1.360.000	1.160.880.270
Afskrifað samtals 1.1.2024 ..	94.961.016	171.299.314	79.365.539	9.976.488	355.602.357
Afskriftir færðar út	0	0	(30.839.669)	(9.724.987)	(40.564.656)
Afskrifað á árinu	10.406.308	22.518.132	18.934.924	972.499	52.831.863
Afskrifað 31.12.2024	105.367.324	193.817.446	67.460.794	1.224.000	367.869.564
Afskriftir færðar út	0	(6.656.625)	(22.709.779)	0	(29.366.404)
Afskrifað á árinu	10.406.308	24.657.181	18.277.977	0	53.341.466
Afskrifað 31.12.2025	115.773.632	211.818.002	63.028.992	1.224.000	391.844.626
Bókfært verð 31.12.2024	351.969.902	290.972.176	42.418.364	136.000	685.496.442
Bókfært verð 31.12.2025	446.751.538	279.703.444	42.444.662	136.000	769.035.644
Afskriftahlutföll	3%	5-10%	20%	20%	

Fasteignamat stofnunarinnar nam 344,7 millj. kr. í árslok 2025. Á sama tíma nam brunabótamat fasteignanna 714,6 millj. kr.

Í eigu Brunavarna Árnassýslu eru ýmsir lausafjármunir sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum átt við verkfæri og áhöld til notkunar við daglegan rekstur og björgunarstörf. Þessar eignir eru færðar í sérstaka eignaskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum stofnunarinnar.

Skýringar frh.

3. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur greinast þannig:	2025
Viðskiptakröfur	8.439.663
Innborgun vegna fjárfestingar á rými Björgunarfélags	24.000.000
Innborgun vegna fjárfestingar á grindarbil	24.132.000
Innborgun vegna starfsmannaferðar	1.000.000
Endurkræfur virðisaukaskattur	568.257
	<u>58.139.920</u>

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:	
Eigið fé 1.1.2025	162.522.496
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>57.758.233</u>
Eigið fé 31.12.2025	<u>220.280.729</u>

5. Skuldbindingar

Á stofnuninni hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna stofnunarinnar. Skuldbindingin er metin á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á skuldbindingunni. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2025 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	56.108.612
Greiddur lífeyrir á árinu	(4.407.808)
Gjaldfærð hækkun á árinu	<u>6.323.761</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>58.024.565</u>
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	4.839.538
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	<u>53.185.027</u>
	<u>58.024.565</u>

6. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	2025	2024
Verðtryggðar skuldir í ISK	544.784.742	571.123.233
Afföll	(15.941.879)	(16.465.102)
	<u>528.842.863</u>	<u>554.658.131</u>
Næsta árs afborganir	(47.821.554)	(45.232.893)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi	<u>481.021.309</u>	<u>509.425.238</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2026/2025	47.821.554	45.232.893
Árið 2027/2026	48.724.944	46.079.761
Árið 2028/2027	49.654.260	46.950.897
Árið 2029/2028	49.497.587	47.847.033
Árið 2030/2029	49.368.431	47.695.951
Síðar	<u>283.776.087</u>	<u>320.851.596</u>
	<u>528.842.863</u>	<u>554.658.131</u>

Skýringar frh.

7. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2026 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	10.147.165
Gjaldfært á árinu.....	(482.574)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>9.664.591</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	482.574
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	<u>9.182.017</u>
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>9.664.591</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	8.899.052
Framlag í varúðarsjóð.....	765.539
	<u>9.664.591</u>

8. Framlög sveitarfélaga

Framlög aðildarsveitarfélaganna skiptast á milli þeirra þannig að 70% skiptast í hlutfalli við brunabótamat eigna í viðkomandi sveitarfélagi og 30% í hlutfalli við íbúafjölda, tveimur árum fyrir gildisár áætlunarinnar.

	Hlutfall 2025	Framlag 2025	Hlutfall 2024	Framlag 2024
Bláskógabyggð	11,17%	69.856.660	11,35%	59.254.548
Flóahreppur	3,61%	22.551.768	3,69%	19.267.608
Grímsnes- og Grafningshreppur	11,30%	70.698.116	11,47%	59.885.556
Hrunamannahreppur	5,03%	31.442.732	5,06%	26.431.800
Hveragerðisbær	11,13%	69.599.168	11,24%	58.675.884
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	5,35%	33.462.004	5,48%	28.643.688
Sveitarfélagið Árborg	40,40%	252.694.476	39,69%	207.263.412
Sveitarfélagið Ölfus	12,01%	75.116.072	12,03%	62.808.168
	<u>100,00%</u>	<u>625.420.996</u>	<u>100,00%</u>	<u>522.230.664</u>

Skýringar frh.

	2025	Fjárhags- áætlun	2024
9. Aðrar tekjur			
Húsaleiga	10.336.232	11.285.000	12.688.156
Þjónustuframlög og styrkir	14.876.278	13.426.000	15.400.839
Almannavarnarnefnd Árnæssýslu, þátttaka í rekstri	950.000	950.000	966.550
Reykköfunareftirlit	1.077.940	0	1.758.352
Söluhagnaður	1.695.000	0	0
Húsfélagskostnaður og líkamsrækt	3.625.000	0	3.820.000
Öryggis- og lokaúttektir	8.236.585	5.000.000	8.608.095
Slökkvitækjaþjónusta Suðurlands	2.760.000	7.968.000	4.200.000
Námskeið og sérverkefni	11.747.772	3.500.000	37.287.146
Upphreinsanir	3.621.600	0	2.414.400
	<u>58.926.407</u>	<u>42.129.000</u>	<u>87.143.538</u>
10. Laun og launatengd gjöld			
Laun starfsmanna	323.252.877	431.717.000	278.801.693
Nefndarlaun	5.560.092	0	2.730.861
Dagpeningar	140.600	0	1.050.000
Bifreiðastyrkur	248.160	0	172.490
Launatengd gjöld	80.309.118	0	68.411.070
Áfallið orlof, breyting	(722.061)	0	4.033.049
Framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð	482.574	0	482.574
	<u>409.271.360</u>	<u>431.717.000</u>	<u>355.681.737</u>
11. Annar rekstrarkostnaður			
Rekstur húsnæðis	33.203.325	32.628.000	36.934.693
Rekstur bifreiða	25.201.314	24.365.000	22.236.768
Annar kostnaður	68.184.700	67.745.000	67.370.211
	<u>126.589.339</u>	<u>124.738.000</u>	<u>126.541.671</u>